



GRÍMSEY

Lokaskýrsla flugslysæfingar



1	Efnisyfirlit	
2	Inngangur	3
3	Markmið	4
4	Undirbúningur	5
5	Framkvæmd.....	6
5.1	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	6
5.2	Veður	7
6	Rýni.....	8
6.1	Æfingastjóri.....	8
6.2	Vettvangsstjórn	10
6.2.1	Aðgerðastjóri	10
6.2.2	Vettvangsstjóri.....	12
6.2.3	Fulltrúi Björgunarsveitarinnar Sæþór í Grímsey.....	13
6.2.4	Björgunarstjóri.....	13
6.2.5	Aðhlyningarstjóri	14
6.2.6	Isavia	18
6.2.7	Landhelgisgæsla Íslands	20
6.2.8	Íbúar	21
6.3	Ráðgjafar	21
6.3.1	Ráðgjafi Vettvangsstjórnar	21
6.3.2	Ráðgjafi björgunarstjóri.....	22
6.3.3	Ráðgjafi aðhlyning og fjöldahjálp	24
6.3.4	Ráðgjafi aðgerðastjórnar	26
6.3.5	Ráðgjafi frá RKÍ	27
6.3.6	Leikarar og förðun	28
6.4	Rýnifundur	30
6.4.1	Vettvangsstjóri.....	30
6.4.2	Björgunarstjóri.....	30
6.4.3	Aðhlyningarstjóri	31
6.4.4	Björgunarsveitinni Sæþór	31
6.4.5	Landhelgisgæslan	31
6.4.6	Ráðgjafi RKÍ.....	31
6.4.7	Ráðgjafi björgunarstjóra	31
6.4.8	Einstaklingur fyrir hönd Grímseyinga	31
6.5	Samantekt lærdóms flugslysæfingarinnar.....	32

2 Inngangur

Laugardaginn 19. september 2015 var haldin flugslysaæfing á Grímseyjarflugvelli. Að æfingu lokinni voru helstu lærdómspunktar og framvinda æfingar tekin saman í lokaskýrslu. Er þetta gert eftir hverja flugslysaæfingu sem Isavia heldur og skýrslurnar sendar forsvarsmönnum þeirra viðbragðseininga sem taka þátt í viðkomandi æfingu og einnig settar inn á netið (www.isavia.is).

Æfingin er liður í því skipulagi Isavia að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli, ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Æfingin í Grímsey er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á öllum áætlunarflugvöllum landsins. Heildarskipulag hvernar æfingar byggist á viðbragðsáætlun sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og Almannavarnarnefnd í héraði í samvinnu við Isavia gefur út fyrir hvern flugvöll. Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna, svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því. Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Í lok hvernar æfingar er haldinn rýnifundur þar sem talsmaður hvernar viðbragðseiningar, ásamt fleirum, skýra frá því hvað gekk vel og hvað fór miður. Eftir æfinguna fá verkþáttastjórar svo rýniskýrslur til útfyllingar sem birtast í þessari lokaskýrslu. Í þessari lokaskýrslu koma fram lærdómsatriði æfingarinnar sem alls ekki mega fara forgörðum. Æfing ein og sér er góð og öllum er nauðsynlegt að æfa, ætli þeir sér að ná færni í því sem þeir eru að gera. Þar sem flugslysaæfingar eru einungis haldnar á fjögurra ára fresti á hverjum stað er mjög mikilvægt að þær nái að miðla þeim lærdómi sem af þeim hlýst til allra hlutaðeigandi aðila, bæði það sem gekk vel sem og laga það sem illa gekk.

Útgáfa skýrslunnar það að markmiði að:

Að draga fram hvað vel fór í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og læri af því.

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.

Gera viðbragðsaðilum kleyft að hafa yfirsýn yfir þau atriði sem bæta þarf til þess að geta þeirra til viðbragðs verði betri.

Ég þakka þeim aðilum sem mættu á æfinguna og fyrir framlag þeirra og þann ágæta árangur þeir náðu við lausn verkefna.

Þorlákur Snær Helgason Æfingastjóri

3 Markmið

Meginmarkmið æfingarinnar er að gera viðbragðseiningar og íbúa Grímseyjar hæfari til þess að bregðast við hópslysi eins og flugslysi. Á Grímseyjarflugvelli eru aðstæður að því leiti sérstæðar að það er langt í viðbragð utanaðkomandi aðila og það mun taka að minnsta kosti um klukkutíma fyrir utanaðkomandi viðbragðsaðila að komast út í Grímsey.

Alveg frá upphafi var eitt af aðalmarkmiðum æfingarinnar að æfa bæði viðbragðseiningar og íbúa í Grímsey sem og aðgerðarstjórn á Akureyri og nokkrar viðbragðseiningar þaðan, gefa þeim mikilvæga æfingu í því að koma mannskap út í Grímsey ef hópslys verður þar

Að viðbragðseiningar læri sem mest af æfingunni með því að sjá hvað miður fór í þeirra starfi á vettvangi og geti bætt sig á þeim sviðum og verið betur undirbúna fyrir útköll. Eins að hver eining geti séð lærdómspunkta hinna viðbragðseininganna og sjá þá hvort um sameiginlegt vandamál sé að ræða sem bæta mætti úr.



Mynd 1. Björgunarstörf. Mynd: Grétar Karlsson.

4 Undirbúningur

Mikil vinna liggur að baki hvernar flugslysaæfingar. Undirbúningur hefst venjulega nokkrum mánuðum fyrir æfinguna til að hún skili sem bestum árangri. Strax í janúar 2015 var byrjað að lesa yfir Flugslysaáætlunina fyrir Grímseyjarvöll og hún endurskoðuð og fólst þó nokkuð mikil vinna í því. Æfingastjórn fundaði nokkrum sinnum til að undirbúa æfinguna og einnig voru haldnir tveir fundir með þeim viðbragðseiningum sem koma áttu að æfingunni. Þeir sem voru boðaði á þá fundi voru *Slysavarnarfélagið Landsbjörg (Svæðisstjórn)*, *Lögreglan á Norðurlandi eystra*, *Sjúkrahúsið á Akureyri* og *Slökkvilið Akureyrar*. Eftir á að hyggja hefði líka verið gott að boða *Norlandair* og *Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra* á þá fundi. Æfingastjórn tekur það á sig að hafa ekki boðað þessa tvo aðila á fund.



Mynd 2. Björgunarstörf. Mynd: Grétar Karlsson.

5 Framkvæmd

Æfinguna setti Hjördís Þórhallsdóttir, umdæmisstjóri Isavia á Norðurlandi, föstudaginn 18. september 2015 kl. 15:00. Eftir það voru fræðslufyrirlestrar og æfingar með slysabúnað til 19:00 fyrir alla í Grímsey, íbúa og viðbragðseiningar.

Æfingin hófst klukkan 10:40. Klukkan 12:00 voru allir sjúklingar á vettvangi komnir inn í söfnunarsvæði slasaðra (SSS).

Að æfingu lokinni framreiddu kvenfélagskonur súpu ofan í mannskapinn í félagsheimilinu. Rýnifundur var síðan haldinn í beinu framhaldi af súpunni. Rýnifundur fer þannig fram að stjórnendur/verkpáttastjórar fara yfir þann málaflokk sem þeir stjórnðu á æfingunni og telja þar upp það sem þeir töldu vel hafa tekist til og einnig það sem betur hefði mátt fara. Að framsögu þeirra lokinni er orðið laust og þar geta allir fundarmenn tjáð sig um hvað sem þeim liggur á hjarta og snýr að æfingunni. Fundargerð rýnifundarins má finna hér neðar í þessari skýrslu, sem og rýniskýrslur verkpáttastjóra og ráðgjafa.

Þorlákur Snær Helgason, æfingarstjóri og þjónustustjóri Isavia á Norðurlandi, sleit síðan æfingunni þegar klukkan var 14:15.


5.1 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Einkaflugvél, af gerðinni Piper Chieftain (PA-31-350), í sjónflugi frá Reykjavík, sem millilenti á Akureyrflugvelli, var að lenda á norðurenda flugbrautar á Grímseyjarflugvelli þegar vélin lendir mjög harkalega. Flugmaðurinn missir stjórn á henni með þeim afleiðingum að vélin fer út af öryggissvæðinu og í malarkrús sem er við öryggissvæðið. Vængir og mótör brotna af og annar mótörinn fer út á braut. Ekki var vitað hversu margir voru um borð í vélinni en á sjónflugsplani sem lá í Reykjavík kom í ljós að flugmaðurinn heitir Jón Jónsson og var hann með 7 farþega um borð.

Slysavettvangurinn var hefðbundinn. Eitt bílflak sem farþegar voru festir í og eldvettvangur var gerður úr nokkrum vörubrettum. Polendum var dreift á jörðina nærri flakinu og einstaka hafður lengra frá aðal slysstaðnum.



Mynd 3. Piper Chieftain (PA-31-350)



Mynd 4. Slysavettvangurinn.

5.2 Veður

110°, 10 kt, engin úrkoma, OVC 5000 fet, 8°hiti, daggarmark 7°, loftþrýstingur 1010 hp.



Mynd 5. Slökkvilið SA. Mynd: Grétar Karlsson.



Mynd 6. Björgunarskipið Sigurvin. Mynd: Grétar Karlsson.

6 Rýni

6.1 Æfingastjóri

Leikarar/sjúklingar:

Æfingin tafðist um 40 mínútur þar sem undirbúningur sjúklinga tók lengri tíma heldur en reiknað hafði verið með.

Vettvangur:

Hvað björgunar- og slökkvipáttinn varðar, þá gekk ekki vel að slökkva eldinn og má segja að ástæðan hafi verið kunnáttuleysi starfsmanna, sennilega æfingaleysi. Hins vegar gekk vel að koma sjúklingum af vettvangi.

Fjarskipti:

Tetrastöðvarnar voru til smá vandræða á æfingunni. Menn voru að fá stöðvarnar fyrst í hendurnar á föstudeginum og því vannst enginn tími til að æfa sig á þær. Var því um kunnáttuleysi að ræða frekar heldur en að stöðvarnar hafi ekki virkað sem skyldi.

Vettvangsstjóra gekk eitthvað brösuglega að ná í aðhlyningarstjóra í gegnum tetra. Það var leyst með því að hann annað hvort fór sjálfur niður úr turni, eða sendi einhvern annan, til að fá upplýsingar.

Samskipti við vettvangstjórn og aðgerðarstjórn gekk mjög vel.

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS):

Samkvæmt flugslysaáætlun er SSS í flugstöð. Á æfingunni ákvað vettvangstjóri að SSS skyldi vera í vélageymslunni. Reyndist það mjög vel.

Landhelgisgæslan:

Eins og á flestum undanförunum æfingum sendi Landhelgisgæslan þyrlu til þátttöku í æfingunni. Kom hún með greiningarsveit frá Akureyri og fór svo með sjúklinga í land ásamt því að taka þátt í leit að einum sjúklingi.

Ég vil þakka þyrluáhöfninni fyrir þátttökuna og sérstaklega fyrir að bjóða íbúum Grímseyjar í flug eftir æfinguna.

Einnig stóð til að Varðskipið Þór tæki þátt í æfingunni en klukkutíma fyrir æfingu var það kallað í útkall og þurfti að sinna því.

Leikarar

Leikar voru alls átta. Segja má að leikararnir séu í lang erfiðasta hlutverkinu á flugslysaæfingunum. Þeir mæta til förðunar snemma morguns, bíða svo lengi eftir því að æfingartíminn hefjist og þurfa svo að liggja á jörðinni eða láta troða sér inn á bílflak og dvelja þar þangað til þeim er bjargað, í hvaða veðri sem er. Þetta er ekki fyrir hvern sem er og ber að þakka þeim sérstaklega þeirra þátt í æfingunni.

Íbúar í Grímsey

Flestir íbúar Grímseyjar komu að einhvern hátt að æfingunni og þakka ég þeim fyrir góða æfingu og gestrisni.

Þorlákur Snær Helgason æfingarstjóri



Mynd 7. Sjúklingar. Mynd: Grétar Karlsson.

6.2 Vettvangsstjórn

6.2.1 Aðgerðastjóri

Flugslýsaæfingin Grímsey 19. september 2015

Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðgerðarstjórn / aðgerðarstjóri	Halla Bergþóra Björnsd.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Aðgerðarstjórn.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í aðgerðarstjórn lögreglustöðvarinnar á Akureyri.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Vantaði upp á að aðilar tengdir æfingunni mættu á undirbúningsfund fyrir æfinguna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Aðgerðarstjórn er ekki fullbúin tækjum, tölvum og tússtöflum þ.a.l. var logg ekki á nægilega fleiri borðum.
Betra hefði verið ef meiri mönnun hefði verið í Samhæfingarstöð.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Vel kynnt og nokkuð góður fyrir vari á æfingunni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Góð samvinna á æfingunni. Góð mæting. Allir lögðu sig vel fram og menn jákvæðir í verkefninu.

Almennt:

Afmarkið efnistöð við lærdómsatriði æfingarinnar og tillögur til úrbóta.

Almennt spjall um framgang æfingarinnar á ekki heima í þessum hluta skýrslunnar!

Vísa í það sem fram kemur hér að ofan.

12. október 2015

Halla Bergþóra Björnsdóttir

6.2.2 Vettvangsstjóri

Flugslýsaæfingin (Staður og dagsetning) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Grimsey 19. sept 2015	Guðbrandur Ólafsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Högnegla / Vettvangsstjóri.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í flugturni á Grimseyjarflugvelli

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

1) Staðsetning þynnu of málægt flugturni og Söfnunarsvæði slasátra.

2) Erfid samskipti milli vstj og Ahlst, Vagna ofannita.

3) Aðhlyningarstjóri hlustar tvar talstöðvar. (of mikið?)

Nidurstada: Truggja öruggari fjaraskipti milli aðila.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Framkvæmd æfingarinnar gekk að minnu mati vel.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur var að minnu mati góður: Allur bínaður
lítil stöður og einnær virkandi á mig sem markviss og
Skipulögð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Mér fannst einnig á Vettvangi slyssins
gangna vel og eins í SSS.
Gerist ekki dómari í eigin sök, en tók
marga góða punkta inn í reynslubanka
mim vardandi Verklag af svona slyss þess að
höndum. Tillega min til úrbóta er einföld
xxx Reglulegar æfingar. xxx

Almennt:

Afmarkið efnistöð við lærdómsatriði æfingarinnar og tillögur til úrbóta.

Almennt spjall um framgang æfingarinnar á ekki heima í þessum hluta skýrslunnar!

6.2.3 Fulltrúi Björgunarsveitarinnar Sæþór í Grímsey.

Skýrsla ekki borist

6.2.4 Björgunarstjóri

Skýrsla ekki borist

Flugslysaæfingin (Grímsey 19.09.2015) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðhlyningarstjóri	Unnur María Pétursdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
<ul style="list-style-type: none"> • Aðhlyningarstjóri • Greiningarsveit SAK • Björgunarsveitin í Grímsey • Þyrluáhöfn landhelgisgæslunnar • Heimamenn í Grímsey

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
SSS

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

<ul style="list-style-type: none"> • Undirbúingurinn var ágætur og með hefðbundnu sniði. • Æfingar sem þessi mættu vera oftari en á fjögurra ára fresti til að fólk haldist í betri æfingu. • Gott væri að hafa „tékklista“ með þeim hlutum sem þarf að bæta við búnað greiningasveitar (það sem þarf að grípa með aukalega) á hurð innan á skáp þar sem búnaðurinn er geymdur. • Hugsanlega væri gott að útbúa einhverskonar staðlað eyðublað eða tékklista fyrir aðhlyningarstjóra til að auðvelda yfirsýn yfir hversu margir rauðir, gulir og grænir sjúklingar eru komnir inn á svæðið. Á þessu eyðublaði væri einnig hægt að útbúa einhverskonar skipulag þar sem hægt er að merkja við hverjir eru farnir af svæðinu og hverjir eru næstir í röðinni út af svæðinu o.s.frv.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Lögreglan var kölluð til og beðin um að flytja búnað greiningasveitar ásamt starfsfólki á Akureyrarflugvöll en þegar bíllinn kom á staðinn virtust þeir ósáttir við flutninginn og töldu það ekki vera í sínum verkahring. Það kemur þó skýrt fram í stórslysaáætluninni að þetta er hlutverk lögreglu og því mikilvægt að brýna það fyrir þeim.

Aðhlyningarstjóri ásamt greiningarsveit voru flutt til Grímseyjar með þyrlu landhelgisgæslunnar. Þegar komið var til Grímseyjar tók vettvangsstjóri á móti okkur og vísaði okkar að söfnunarsvæði slasaðra (SSS) sem reyndist vera einhvers konar geymsluskúr við hlið flugstöðvarinnar. Þá kom strax í ljós að svæðið var mjög lítið og ýmiss búnaður á svæðinu sem var óþarfur og plássfrekur. Því var gripið til þess ráðs að nýta flugstöðina sjálfa undir grænu sjúklingana og nota skúrinn fyrir rauða og gula sjúklinga. Aðhlyningarstjóri óskaði þá eftir því að fá merkingar á húsin svo hægt væri að sjá hvert hinir slösuðu ættu að fara en þær merkingar reyndust ekki vera til staðar. Gott væri að útbúa slík spjöld og hafa tilbúin ef þessar aðstæður koma upp í raunveruleikanum. Eins væri gott að einhver tæki að sér að rýma skúrinn og fjarlægja óþrafa dót til að skapa betra vinnupláss.

Fljótlega eftir komu okkar fóru sjúklingar að berast á SSS og því gafst lítil tími til frekari skipulagningar. Aðhlyningarstjóri óskaði ítrekað eftir því að fá fleiri teppi á svæðið en það tók óra tíma að fá þau í hendurnar. Að lokum kom svo í ljós að skápur inni á SSS reyndist fullur af nýjum og góðum teppum. Það væri góð lausn að hafa einhvern heimamann á SSS sem veit hvar hlutir eru geymdir og hvernig hægt er að nálgast þá.

Aðhlyningarstjóri óskaði eftir því við vettvangsstjóra að fá aðstoðarmann því erfitt var að hafa yfirsýn yfir bæði svæðin þar sem grænu sjúklingarnir voru staðsettir í öðru húsi. Vettvangsstjóri lét síðan aðhlyningarstjóra vita að búið væri að úthluta aðstoðarmanni og að hann væri á leiðinni en sá kom aldrei og kynnti sig fyrir aðhlyningarstjóra og því áttaði hann sig aldrei á því hver þessi aðstoðarmaður væri og gat því illa nýtt sér hans starfskrafta. Mikilvægt er því að kynna sig og gera grein fyrir sínu hlutverki.

Þegar í ljós kom að einn farþegi úr flugvélinni var týndur var þyrlan fengin til að aðstoða við leitina. Flugvöllurinn var einnig ófær og því eingöngu hægt að flytja slasaða frá eyjunni með þyrlunni. Þyrlan var því að taka á loft og lenda beint fyrir framan SSS og við það myndaðist gríðarlegur hávaði sem gerði öll samskipit á svæðinu erfið. Einnig var mikið ráp á milli húsa þar sem söfnunarsvæðin voru í tveimur húsum og þegar þyrlan var í gangi var ómögulegt að hlaupa milli húsanna og opna hurðar vegna vinds og steinkasts. Það hefði því verið skynsamlegra að leggja þyrlunni aðeins lengra frá sjálfu SSS.

Aðhlyningarstjóri var með tvær Tetra stöðvar á sér til að eiga samskipti við þá aðila sem þurfti. Í annari talstöðinni átti aðhlyningarstjóri samskipti við vettvangsstjórn á

SAK og gengu þau samskipti vel fyrir sig. Í hinni talstöðinni var ætlunin að eiga samskipti við vettvangsstjóra og verkþáttastjóra og gengu samskiptin vel til að byrja með en svo dattu þau alveg út og var því sú talstöð að lokum ekkert notuð. Hvað það var sem olli því að samskiptin dattu út er óljóst en þar sem svæðið var lítið var þetta leyst með því að hlaupa á milli til að eiga samskipti. Því var óþarflega mikið um hlaup milli húsa og hefði verið mikill tímasparnaður ef talstövarsambandið hefði haldist á. Þarna hefðu aðhlyningarstjóri og verkþáttastjóri átt að ræða þennan vanda og reyna að stilla saman sínar talstöðvar.

Greiningarsveitin innihélt tvö teymi, þ.e. hvort teymi um sig var mannað með einum hjúkrunarfræðingi og einum lækni. Þar sem fimm af þeim átta sjúklingum sem í slysinu lentu reyndust á endanum rauðir var erfitt að hafa ekki fleiri teymi til staðar. Eins var erfitt að fylgjast með grænu sjúklingunum sem staðsettir voru í hinu húsinu og hefði verið æskilegast að hafa alla á einum stað. Aðhlyningarstjóri sendi annað teymið úr greiningarsveit yfir á græna svæðið til að athuga með þá sjúklinga sem þar voru en þá fóru að streyma inn fleiri rauðir sjúklingar. Því þurfti að kalla teymið aftur til baka á hitt svæðið og í látunum varð það útundan að skipa einhvern úr björgunarsveitinni eða einhvern af heimamönnum til þess að gæta og hlúa að sjúklingunum á græna svæðinu.

Heimamönnum þótti áhugavert að fylgjast með því sem fram fór á SSS og því var ávallt mikill mannfjöldi á svæðinu sem hafði ekki neinu hlutverki að gegna. Oft voru áhorfendur komnir alveg ofan í greiningarsveitina sem var að sinna þeim slösuðu og röðuðu sér í kringum sjúklingana og þá reyndist erfitt að hafa yfirsýn yfir svæðið og það sem var í gangi. Það er vel skiljanlegt og mjög gott að heimamenn sýni þessu áhuga en hefði verið betra ef fólk hefði haldið sig aðeins til hliðar þannig að betri yfirsýn næðist yfir svæðið.

Gott væri ef þyrluáhöfninni væri úthlutað einni Tetrastöð við komu á vettvang svo hægt sé að kalla beint í þá og fá upplýsingar um stöðu mála hjá þeim.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Starfsfólk bráðamóttökunnar fékk upprifjun á stórslysaáætlun og hlutverki greiningarsveitar.
- Starfsfólkinu var haldið vel upplýstu og skilaboð og nýjar upplýsingar bárust reglulega með tölvupósti.
- Ráðleggingar um að lesa eldri skýrslur reyndust góðar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Heilt yfir gekk æfingin vel.
- Mjög gott að vettvangsstjóri kom og tók á móti greiningarsveit og vísaði fólki á réttan stað.
- Vettvangsstjóri með stöðuna á hreinu og gat upplýst aðhlyningarstjóra við komu hvernig málin stóðu, þ.e. hversu margir voru um borð, hversu margir fundnir og hvernig þeir flokkuðust.
- Samskipti við viðbragðsstjórn gengu vel og skýrt hvert hinir slösuðu áttu að flytjast og hvernig.
- Flutningur frá SSS gekk fljótt og vel.
- Heimamenn jákvæðir og áhugasamir.
- Góður rýnifundur í lokin og afbragðs góð súpa.

Fyrir hönd SAK þakka ég kærleg fyrir skemmtilegan og lærdómsríkan dag.



Mynd 8. Þyrla Landhelgisgæsluna. Mynd: Grétar Karlsson.

Flugslýsaæfingin (Staður og dagsetning) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flugvallarvörður	Magnús Þór Bjarnason

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Allir

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á flugvallarsvæðinu aðallega í turni.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Æfing gekk vel að mínu mati.

Reyndar voru samskiptaörðuleikar af og til vegna kunnáttuleysis eyjarskeggja í tetrasamskiptum og of fáar stöðvar í notkun.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Þetta finnst mér að þurfi að athuga þó ekki sé beint tengt æfingunni.

Þegar slasaðir voru komnir í hús þ.e.a.s.komnir í vélageymsluna og umferð þyrlu eða sjúkraflugvélar er á plani gengur ekki að fólk sé sírápandi á milli húsa ,bæði vegna slysaþættu og háfaða sem verður við að hurðir eru opnaðar.

Þess vegna vantar innanhúskallkerfi milli húsanna.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Að mínu mati fór þessi æfing nokkuð vel fram ,vel staðið að undirbúningi og

vel mætt frá mörgum aðkomuaðilum.

Til dæmis var alveg magnað að fá þyrluna og gaman að Siglfirðingar skildu geta komið.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Að mínu mati var öll framkvæmd nokkuð góð og góður súpufundur eftir æfingu.

Takk fyrir mig.

Flugslýsaæfingin (Staður og dagsetning) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Landhelgisgæsla Íslands	Þórarinn Ingi Ingason

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Þyrluáhöfn

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Flugvelli Grímsey

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Samskipti við þyrlu fara ekki fram á Tetra, því þurftu samskipti að fara gegnum 3ja aðila og ekki alltaf skýrt hver fyrirbyggjandi verkefni þyrlu væru, sérstaklega ef möguleg verkefni væru að breytast

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Ef það er bið á verkefni þyrlu og hún staðsett þar sem ónæði getur skapast vegna hávaða gæti verið gott að koma skilaboðum til áhafnar að færa hana tímabundið (eða slökkva á motorum) til að valda ekki ónæði á vettvangi með hávaða

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þyrluáhöfn var sátt við æfinguna, þrátt fyrir athugasemd í lið 4 í þessarri skýrslu gekk æfingin vel

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

--

6.2.8 Íbúar

Mér fannst algjör snilld að svona æfing sé haldin í Grímsey; Bestu þakkir fyrir það.

Ég kom að þessu sem almennur íbúi í Grímsey sem kölluð var út af 112. Mér fannst þetta allt ganga vel og ég er glöðust yfir því hversu gott teymið er á Akureyri sem vænta má að hafi aðkomu að slysi í Grímsey, fagleg vinnubrögð og greinilega að allir vita sína stöðu.

Það sem mér finnst vanta er að ef svona stórt kæmi upp hér væri það í 99% tilfelli um að ræða vél frá Norlandair þar sem aðrar vélar af þessari stærðargráðu sjást ekki hér. Þá komum við að þætti umboðsmannsins sem væri pottþétt staddur á flugvelli. Mér finnst, sem starfsmaður flugfélagsins, ég ekki vita hvers ætlast er til af mér. Ég spurði starfsmann Isavia nokkrum dögum fyrir æfinguna og svar hans var það að ég mætti alls ekki hleypa neinum í gegnum flugstöðina út á vettvang. Rökræddum við þetta aðeins og samþykkti hann að hleypa þeim í gegn sem boðaðir væru á vettvang af hálfu 112.

Þegar upp er staðið er ég mjög glöða að vita af svo öflugum teymi hinum megin sundsins.

Mér finnst ég ekki vita um hlutverk mitt sem umboðsmanns flugfélagsins sem í 99% tilvika ætti umrædda vél.

Mér finnst skelfilegt að hugsa til þess hversu slökkviliðið og björgunarteymið í Grímsey er gjörseyytt af öllum hjálpargögnum.

Ég hefði viljað að meira samkomulag væri milli flugvallarstarfsmanns og slökkviliðs (björgunarteymis).

Ég vissi ekki að ekki mætti nota það sem til er á vellinum.

En heilt yfir er ég samt sáttt því það kom mér svo sem ekkert á óvart.

Bestu kveðjur, Gagga.

6.3 Ráðgjafar

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sér til halds og traust ráðgjafa sem voru staðsettir við hlið verkþáttastjóra og vettvangsstjórnar.

6.3.1 Ráðgjafi Vettvangsstjórnar.

Flugslysaæfing Grímseyjarflugvöllur 18-19.09.2015

Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Vettvangsstjórn	Friðgerður Br Jónsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglan-Isavia-Björgunarsveit

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Flugturni og einnig á slysavettvangi

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Vettvangstjóri var á Flugslýsaæfingu úi fyrsta sinn og gekk honum bara mjög vel. Starfsmaður í flugturni og aðili frá björgunarsveitinn Drengur frá Siglufirði voru með honum í vettvangsstjórn. Mér fannst þeir hafa góð tök á ástandinu og stóðu sig mjög vel.

Það sem ekki var nógu gott var að vettvangsstjórn hafði ekki talstöðvarsamband við SSS og þurfti því alltaf einn af þeim að fara úr Flugturni þar sem Vettvangsstjórn var til húsa og inn í skýli við hliðina þar sem SSS var staðsett. Til að fá upplýsingar um fjölda og alvarleika meiðsla.

Mér finnst aðdáunarvert að fylgjast með fólkinu sem þarna býr og hvernig það tókst á við verkefnið. Allir tóku þátt í æfingunni og vönduðu sig við þau verkefni sem þeim var úthlutað.

6.3.2 Ráðgjafi björgunarstjóri

Flugslýsaæfing Grímsey 19 sept. 2015- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Slysstaður	Grétar Karlsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Starfsmaður Isavia á Grímaseyjarflugvelli Slökkvilið Akureyrar í Grímsey Björgunarsveitin Sæþór í Grímsey Áhöfn björgunarskipsins Sigurvins á Siglufirði Landhelgisgæslan Greiningarsveit Sjúkrahúss Akureyrar

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á slysstað

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

1. Kunnátta starfsmanns Isavia á slökkvibíl ófullnægjandi
2. Björgunarstjórinn sem kom frá SA í Grímsey hefði þurft meiri undirbúing.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

1. Samkvæmt minni mælingu tók u.þ.b 15 mín frá útkalli þar til að kom vatn á stút á flugvallarslökkvibíl
2. Starfsmaður Isavia var í vandræðum með að koma vatni á monitor, gleymdi að opna fyrir léttvatn, notaði ekki öndunarbúnað og þegar handlína var tekin út var það ekki vel framkvæmt. Þ.e var ekki með á hreinu hvar handlínan er í bílnum og gleymdi eða kunni ekki að opna fyrir tankloka.
3. Björgunarstjórinn missti yfirsýn á slystaðnum þegar hann fór í leit af einum þolanda, og gaf þá upp rangar upplýsingar til vettvangsstjórnar þar sem hann sá ekki hvað var í gangi á slysstað. Hefði þurft að fá kennslu á Tetra fyrir æfingu og vantaði mic eða eyrnahlustun á Tetra.
4. Vantaði að nota hlífðagler á hjálmum við slökkvi-og klippuvinnu.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

1. Góð mæting á undirbúningsfund og allir virkir í æfingum á föstudeginum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

1. Slökkvibílar voru vel staðsettir við slysstað.
2. Slökkvistarf gekk vel eftir að það komst í gang og menn vakandi með að spara vatnið því lítið er á bílunum.
3. Björgunarsveit fljót að dreyfa sér á þolendur og hófu fljótt leit þegar vatnaði 1 þolendan.

Almennt:

Hámarkslengd skýrslu er 4 bls.

Afmarkið efnistöð við lærdómsatriði æfingarinnar og tillögur til úrbóta.

Almennt spjall um framgang æfingarinnar á ekki heima í þessum hluta skýrslunnar!

SA í Grímsey vantar betri búnað, t.d þeir eiga ekkert nema exi til að komast inn í flugvéla/bíflök og slökkvibifreiðin er með 1000 L af vatni.

6.3.3 Ráðgjafi aðhlyning og fjöldahjálp

Flugslysaæfing (Grímsey – 19.sept 2015)- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Sjúkrahjálp	Guðrún Lísbet Níelsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Heimafólk, björgunarsveitir, slökkvilið, greiningarsveit SAK

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi, á söfnunarsvæði slasaðra

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Talsvert kraðak var inni á SSS undir lok æfingar. Aðhlyningarstjóri stóð sig þó vel í að halda yfirsýn og mikilvægt fyrir heimamenn að fá að fylgjast með störfum á SSS og fá innsýn í störf greiningarsveitar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Misskilningur í upphafi með bráðaflokkun. Ein æfingataska átti að vera í gangi en sá sem bar hana hélt að væru tveir að sinna bráðaflokkun. Fóru einhverjir grænir af vettvangi án bráðaflokkunar sem í sjálfu sér væri ekki óvenjulegt og kom ekki að sök. Heimamenn náðu þrátt fyrir það að halda góðri yfirsýn yfir fjölda slasaðra á vettvangi og uppgötvuðu mjög fljótt að vantaði einn sjúkling. Hitt var óheppilegra, að björgunarsveitafólk sem var aðkomið og hafði ekki fengið fræðslu fyrir æfingu var að nota Saga-skráningarkerfi björgunarsveita á vettvangi, í stað bráðaflokkunar og áverkamats eins og lagt er upp með í hópsslysum hjá öllum viðbragðsaðilum á Íslandi og er greinileg þörf á að skerpa á þessu.

Tvískipt aðstaða var á SSS, rauðir og gulir í skemmu en grænir í flugstöð. Þarna vantaði mannskap og var grænum sjúklingum lítið sem ekkert sinnt og fengu seint áverkamat. Takmörkun var á aðgengi milli húsa vegna þyrllu olli talsverðum töfum og hafði áhrif á gang æfingar.

Talsvert mikið gert fyrir grænu sjúklingana á vettvangi sem tók talsverðan tíma þegar rauðir biðu. Á hinn bóginn er þó hægt að líta á það þannig að tækifæri til að æfa atriði sem kennd voru daginn áður voru vel nýtt.

Almennt séð var ágæt kunnátta á búnað en bar þó á því að t.d. hálskragar snéru öfugt.

Aðhlyningarstjóri hefði án efa notið góðs af því að hafa eyrnastykki í tetra stöð og vantaði auðkenningu frá öðrum meðlimum greiningarsveitar.

Samskipti aðhlyningarstjóra og vettvangsstjórnar í gegnum tetra gengu ekki nógu vel og fóru því fram nær eingöngu augliti til auglitis sem kostaði nokkrar ferðir vettvangsstjóra milli húsa. Hafði ekki afgerandi áhrif á gang æfingar en þarf að skoða hvað fór úrskeðis hér.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Góð mæting á fræðslu, mikill áhugi heimafólks á málefnum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Samvinna var áberandi góð. Nærvera og hughreysting við sjúklinga til fyrirmyndar og sjúklingum almennt mjög vel sinnt. Vel var hugsað um grunnþarfir sjúklinga. Hugsað var um að halda hita á þeim og teppi voru vel nýtt.

Góð og áhrifarík samskipti manna á milli á vettvangi, hátt og skýrt.

Störf greiningarsveitar gengu á heildina litið mjög vel, yfirvegun var á SSS og þeirra samstarf mjög gott, stóðu sig afar vel. Voru einnig vel merkt.

Samskipti aðhlyningarstjóra og viðbragðsstjórnar SAK gengu mjög vel.

6.3.4 Ráðgjafi aðgerðastjórnar

Skýrsla ekki borist

Mynd 7. Sjúklingar. Mynd: Grétar Karlsson.



Mynd 9. Mynd: Grétar Karlsson.

6.3.5 Ráðgjafi frá RKÍ

Flugslýsaæfing (Grímsey, 19. september 2015)- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Verkefni: Fylgjast með æfingunni sem heild. Ekki Rauða kross deild (enn) í Grímsey. Sú hefði verið á SSS.	Guðjón Svansson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Allar

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Fór á alla staði. Byrjaði á vettvangi, færði mig svo að SSS/flugstöðvarbyggingunni

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Slökkvistarfið gekk brösuglega í byrjun hjá flugvallarstarfsmanni. EN æfingar eru tíminn til þess að gera mistök og læra af þeim. Sagði viðkomandi það persónulega og veit að viðkomandi mun kunna betur á græjurnar næst.

Úrbætur: Æfa reglulega. 2-4 sinnum á ári

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vantaði aðeins upp á samskipti við þolendur í erfiðustu aðstæðunum. T.d. þá sem voru inn í flakinu þegar menn voru að brjótast inn í það. Einhver hefði þurft að tala við þolendur þar, róa niður, láta vita hvað væri í gangi, osfrv.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel.</u>
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fín mæting á fræðsluna daginn fyrir, góð athygli og allir opnir fyrir að hlusta, læra og prófa.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Æfingin sjálf gekk mjög vel í heildina. Samheldni og samstaða heimamanna skein í gegn. Afar skýrt hvað það var mikilvægt fyrir Grímseyinga hvað margir komu og tóku þátt í æfingunni með þeim. Sýnir og sannar að þeir eru ekki einir og fá aðstoð þegar á reynir.

6.3.6 Leikarar og förðun

Flugslysaæfing Grímsey 2015 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Umsjón og undirbúningur leikara Slysaförðun	Vigdís Björk Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Isavia.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í leikaramiðstöð, á vettvangi og SSS.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Farið var út í Grímsey á föstudegi án þess að vita nákvæmlega hve marga leikara væri búið að fá fyrir æfinguna þannig að ýmislegt var óljóst í upphafi.

Misreiknaði mig aðeins á tíma með undirbúninginn en það tók okkur 2 tíma að græja þessa 8 leikara og koma þeim á staðinn en ekki 1og ½. Þetta er alltaf erfiðara þegar leikarar eru flestir börn undir 14 ára aldri. Það þarf lengri tíma til útskýringa og þess háttar.

Förðunarbúnaðurinn okkar reyndist ekki vera á sínum stað þegar ég ætlaði að ganga að honum fyrir æfingu. Eftir æfingu í vor á Egilsstöðum hefur hann farið á flakk. En þetta reddaðist þar sem ég geymi ekki allt á sama stað og á eitthvað af varadóti og áfyllingum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þegar út í Grímsey var komið og fræðsludagskrá að hefjast, þá dattu menn í gírin og útvegaðir voru 8 leikarar sem hittu mig í skólanum og fengu fræðslu og undirbúning. Það er reyndar alltaf erfiðara þegar leikarar eru börn en þau stóðu sig með mikilli þrýði og komu sínu mjög vel til skila. Karen skólastjóri var í leikarahópnum sem var kostur þar sem hún þekkir börnin vel og gat aðstoðað við að hvetja þau og virkaði líka sem frábær stuðningur í æfingunni.

Vel gekk að koma leikurunum fyrir og þau stóðu sig með eindæmum vel þrátt fyrir að sumir væru þínu skelkaðir í upphafi og í upphafi áttum við erfitt með að greina hvort um alvöru tár væri að ræða eða extra góðan leik.

„Sjúklingarnir“ voru mjög ánægðir með vinnu viðbragðsaðila en fannst að björgunarmenn hefðu mátt vera duglegri að útskýra og tala við „sjúklinga“.

Takk fyrir mig Grímseyingar, þið eruð frábær.

Vigdís Björk Agnarsdóttir.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis



Mynd 10. SSS. Mynd: Grétar Karlsson.

6.4 Rýnifundur

Rýnifundur var haldin í lok æfingar í félagsheimilinu í Grímsey. Hjördís Þórhallsdóttir umdæmisstjóri ritaði fundinn niður og sjá má þá punkta hér fyrir neðan .

6.4.1 Vettvangsstjóri.

Fannst æfingin ganga ágætlega að flestu leiti. Tvö atrið komu upp sem betur máttu fara.

- Staðsetning þyrlunnar var ekki nógu góð þar sem mikill hávaði var af henni og mjög erfitt var með samskipti vegna hennar.
- Erfitt var að hafa samband við mannskapinn í tækjahúsinu þar sem ekkert samskiptakerfi var við fólkið þar.

6.4.2 Björgunarstjóri

Var ánægður með æfinguna en eftirfarandi atriði þyrfti að laga.

- Henning var með Tetra en Svavar með VHF þannig að þeir áttu erfitt með samskipti sín á milli. Fleiri hefðu þurft að hafa Tetra.
- Hefði þurft að hafa búnað í eyrað til að heyra betur í Tetra.
- Ruglingur varð í flokkuninni og voru tveir rauðir og tveir grænir ómerktir þegar þeir komu á söfnunarsvæði slasaðra.

6.4.3 Aðhlyningarstjóri

Fannst æfingin ganga í heildina vel. Eftirfarandi atriði voru ekki í lagi.

- Erfitt með samskipti milli húsa. Voru með græna sjúklinga í flugstöð og rauða í tækjahúsi. Hjúkrunarfélkið var að mestu í tækjahúsinu og áttu erfitt með að fylgjast með sjúklingum í flugstöð.
- Mjög mikill hávaði var í þyrlunni og áttu þau erfitt með samskipti.

6.4.4 Björgunarsveitinni Sæþór

- Var í heildina ánægður með æfinguna og gott var að fá björgunarsveitina frá Siglufirði á staðinn. Eftirfarandi atriði gengu ekki alveg nógu vel.
- Mikið fát var í byrjun og óvissa um hver ætti að fara í hvaða verkefni.
- Vissu ekki í byrjun hver mætti fara inn á svæðið og hvenær.
- Héldu að tvær greiningartöskur væru í notkun en kom í ljós að aðeins ein var í notkun. Þetta orsakaði að fjórir sjúklingar voru ómerktir þegar þeir fóru á söfnunarsvæði slasaðra.

6.4.5 Landhelgisgæslan

Var mjög ánægður með æfinguna.

Gagnlegt að fá athugasemd vegna hávaðans í þyrlunni, höfðu ekki hugsað út í það.

Eru ekki með Tetra þannig að þeir hafa ekki samskipti við aðra en turninn.

6.4.6 Ráðgjafi RKÍ

Ánægður með þátttökuna hjá heimamönnum og fannst vel unnið í undirbúningi fyrir æfinguna.

Ánægður með hversu vel æfingin gekk. Vill benda á að það þurfi að tala meira við sjúklingana þegar verið er að bjarga þeim, þ.e. upplýsa hvað sé í gangi. T.d. þegar verið var að bjarga sjúklingi úr flakinu þá var ekki talað mikið við hann. Gott væri að fá fleiri heimamenn í Rauða krossinn.

6.4.7 Ráðgjafi björgunarstjóra

Heilt yfir gekk æfingin vel og slökkvistarfið gekk í heildina vel. Slökkviliðið var snögg að slökkva eldinn. Allir voru vel meðvitaðir um lítið vatnsmagn í bílunum og pössuðu vatnið. Gekk smá erfiðlega í byrjun að fá vatn á Isavia bíl og þarf starfsmaður að æfa meira.

6.4.8 Einstaklingur fyrir hönd Grímseyinga

Mjög ánægður með æfinguna og mikilvægt að fá æfingu út í Grímsey. Sakna æfinganna sem Pétur heitinn var með fyrir hönd slökkviliðs Akureyrar. Æfingar hafa farið dalandi seinustu ár.

6.5 Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar

Rýnipunktur	Tillaga að úrbótum	Eigandi	Mikilvægi
Aðgerðarstjórn er ekki fullbúin tækjum.	Kaupa tækin sem vantar.	Almannavarnarnefnd Eyjafjarðar	Rautt
Staðsetning þyrilu of nálágt flugturni.	Ef hægt er, þá staðsetja þyrilu lengra frá turni eða biðja þá um að drepa á henni.	Flugturn og landhelgisgæslan	Grænt
Gott væri að hafa „tékklista“ með þeim hlutum sem þarf að bæta við búnað greiningasveitar (það sem þarf að grípa með aukalega) á hurð innan á skáp þar sem búnaðurinn er geymdur.	Búa til tékklista.	SAK/Greiningarsveit	Gult
Lögreglan var kölluð til og beðin um að flytja búnað greiningasveitar ásamt starfsfólki á Akureyrarflugvöll en þegar bíllinn kom á staðinn virtust þeir ósáttir við flutninginn og töldu það ekki vera í sínum verkahring. Það kemur þó skýrt fram í stórslysaáætlun sjúkrahúsins að þetta er hlutverk lögreglu og því mikilvægt að brýna það fyrir þeim.	SAK þarf að endurskoða hvernig koma eigi greiningarsveit og búnaði á vettvang. Þetta er ekki í verkahring lögreglu þar sem þeir hafa nægu að sinna þegar stórslys verða.	SAK	Rautt
Aðhlyningarstjóri óskaði þá eftir því að fá merkingar á húsin svo hægt væri að sjá hvert hinir slösuðu ættu að fara en þær merkingar reyndust ekki vera til staðar.	Búa til merkingar fyrir SSS, SSL og MÓT	Isavia	Gult
Að lokum kom svo í ljós að skápur inni á SSS reyndist fullur af nýjum og góðum teppum. Það væri góð lausn að hafa einhvern heimamann á SSS sem veit hvar hlutir eru geymdir og hvernig hægt er að nálgast þá.	Ef teppin verða í skápnum væri mjög gott að merkja skápinn.	Isavia	Grænt
Reyndar voru samskiptaörðuleikar af og til vegna kunnáttuleysis eyjarskeggja í tetrasamskiptum og of fáar stöðvar í notkun	Halda tetranámskeið. SA þarf að fá tetrastöðvar, spurning hvort Isavia og Björgunarsveitin Sæþór þurfi að fá fleiri stöðvar.	Slökkvilið Akureyrar, Björgunarsveitin Sæþór og Isavia	Rautt

Mér finnst, sem starfsmaður flugfélagsins, ég ekki vita hvers ætlast er til af mér.	Fara yfir flugslysaáætlun og helda fund með starfsmanni.	Norlandair og Isavia	Rautt
Kunnátta starfsmanns Isavia á slökkvibíl ófullnægjandi.	Verklag æfinga fastráðinna starfsmanna er gott en ábótavant fyrir afleysingarfólk. Bæta þarf úr því.	Isavia	Rautt
Björgunarstjórinn sem kom frá SA í Grímsey hefði þurft meiri undirbúning.	Betur þarf að halda utan um þessa einingu og halda fyrir þá æfingar.	Slökkvilið Akureyrar	Rautt
Aðhlyningarstjóri hefði án efa notið góðs af því að hafa eyrnastykki í tetra og vantaði auðkenningu frá öðrum meðlimum greiningarsveitar.	Kaupa eyrnastykki í tetra og auðkenningu/vesti fyrir stjórnanda greiningarsveitar.	SAk/Greiningarsveit	Grænt
Vantaði aðeins upp á samskipti við þolendur í erfiðustu aðstæðunum. T.d. þá sem voru inni í flakinu þegar menn voru að brjótast inn í það. Einhver hefði þurft að tala við þolendur þar, róa niður, láta vita hvað væri í gangi, osfrv.	Muna að tala við þolendur og útskýra hvað verið sé að gera.	Allir sem koma á vettvang.	Gult



Mynd 11. Æfingin búinn. Mynd: Grétar Karlsson.